

Skólaráðsfundur 29.09.2022

Mættir til fundar:

Starfsmenn: Trostan, Lára, Þyrey, Hrund, Sigrún Gylfa,

Fulltrúar foreldra: Birna, Gunnhildur,

Fulltrúar nemenda: Trausti Helgi, Arnar Freyr

Fulltrúi grenndarsamfélagsins kemst ekki til þessa fundar og óskar eftir að losna undan störfum eftir áralanga setu.

Trostan bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Drög að starfsáætlun-helstu viðburðir ársins

Trostan fjallaði um viðburði skólaársins.

16. nóvember upphaf upplestrarkeppni verður með hefðbundnu sniði.

Rætt var um að færa árhátíð yngri nemenda til vorannar þannig að kennsla í leiklist á yngra stigi nýtist sem best. Fundarmenn sammála um það ef það er talið henta skólstarfinu betur. Litlu jólin eru stuttur dagur og verða með hefðbundnum hætti.

Árshátíð eldri - ein eða tvær sýningar? Fulltrúi nemenda lagði til að sýningar væru tvær.

Hefð er fyrir kaffiveitingum eftir sýningu og reiknað er með að það gangi eftir.

Þorablót er venjulega haldið er kringum Bóndadag. Rifjað var upp að í gamla daga var það haldið á fimmtudegi og diskótek á eftir. Hugmyndin er góð en nánari útfærsla verður síðar.

Íþróttamaraþon hefur verið síðustu kennsludaga fyrir páska. Notaðir hafa verið fimmtudagur og föstudagur. Rætt um fjáröflun 10. bekkjar og þann tíma sem tekinn er af öðru námi til fjáröflunarstarfa.

Sveitadagar fyrirkomulag nú þegar búskaparhættir hafa breyst og möguleikar nemenda til að taka þátt í bústörfum. Rætt var um að breyta verkefninu í vorverkefni þar sem ekki er þörf á að dvelja á sveitabæjum í marga daga. Hugsaðar margar leiðir til að breyta fyrirkomulaginu.

Ekki var tekin endanleg ákvörðun um fyrirkomulag sveitadaganna en almennt voru fundarmenn á því að einhverra breytinga væri þörf einkum fyrir yngri nemendur.

Skólaslit verða í Miðgarði með tilheyrandi kaffiveitingum.

2. Umræður um opinn fund fyrir alla hagsmunaaðila

Hægt að sameina með foreldrafélagasfundinum.

Þar fá nemendur 10. bekkjar möguleika á að selja kaffi.

Umræðuefni fundarins gæti verið húsnæði, fjárhagsáætlun, ofl.

Fundarmenn voru áhugasamir fyrir því að fundarefnið verði húsnæðismál og framtíðarskipulag.

3. Önnur mál

Ekki var tími fyrir önnur mál.

Fundargerð ritaði Lára Gunndís

